

Nd.

18. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Flm.: Magnús Torfason, Hannes Jónsson.

1. gr.

Fasteignaskattur, er fellur í sýslum landsins, greiðist í sýslusjóð sýslu þeirrar, er fasteignin liggur í, fyrsta sinn 1935. Skatt þennan getur sýslunefnd hækk- að að helmingi.

2. gr.

Lögrelustjóri greiðir oddvita sýslunefndar skatt þennan, jafnóðum og hann er innheimtur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vísast til greinargerðar á þskj. 322 á síðasta þingi.